

Ed.

610. Tillaga

til þingsályktunar um lánsstofnun handa bátaútveg landsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að rannsaka, á hvern hátt megi koma upp lánsstofnun eða lánsstofnunum í líkingu við ræktunarsjóð Íslands, sem veitt gæti bátaútveg landsins rekstrarfje með aðgengilegri kjörum en nú eru þau.